

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 5. desember 1978

um breytingu á tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja, sáðkorns og olíu- og trefjajurtafræja

(78/1020/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ákvæðum um markaðssetningu fódurjurtafræja og olíu- og trefjajurtafræja er kveðið á um að frá og með 1. júlí 1977 geti aðildarríki ekki lengur staðfest innanlands jafngildi ráðstafana sem gerðar eru í þriðju löndum og varða opinberar athuganir á fræjum. Tilteknar ákvarðanir um jafngildi, sem teknar voru í bandalaginu, gengu ekki í gildi fyrr en 1. júlí 1978. Því ber að framlengja frestinn til að staðfesta jafngildi innanlands um eitt ár og taka þannig tillit til hefðbundinna viðskiptahátta sem hefur verið haldið við eftir 1. júlí 1977 meðan beðið var ákvarðana bandalagsins.

Í ákvæðum um markaðssetningu sáðkorns er gert ráð fyrir því að fram til 31. desember 1978 megi vottfesta opinberlega sáðkorn sem hefur ekki verið skoðað opinberlega á akrinum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Því ber að veita lengri frest til að afla nauðsynlegrar reynslu svo að víðtækari og endanlegri lausn finnist.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽⁴⁾, eins og

henni var síðast breytt með tilskipun 78/692/EBE ⁽⁵⁾, komi dagsetningin 1. júlí 1978 í stað 1. júlí 1977.

2. gr.

Í d-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/692/EBE, komi dagsetningin 31. desember 1980 í stað 31. desember 1978.

3. gr.

Í 2. mgr. 15. gr. tilskipunar ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/388/EBE ⁽⁸⁾, komi dagsetningin 1. júlí 1978 í stað 1. júlí 1977.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að:

— ákvæðum 1. og 3. gr. frá 1. júlí 1977,

— ákvæðum 2. gr. frá 31. desember 1978 hið síðasta.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. desember 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

M. LAHNSTEIN

forseti.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 174, 21. 7. 1978, bls. 8.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 239, 9. 10. 1978, bls. 54.

⁽³⁾ Álitum var skilað 12. og 13. júlí 1978 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 236, 26. 8. 1978, bls. 13.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 113, 25. 4. 1978, bls. 20.